

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 316

október 2019



We Serve

Október 2019. Blað nr. 316
THE LION IN ICELANDIC

Fjölumðæmi 109

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu

Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, fjögur prentuð blöð en tvö aðeins í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá

kl. 09.00 til 14.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122

e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir


Fjölumðæmisstjórn:



Ellert Eggertsson, fjölumðæmisstjóri. Ellert er félagi í Lionsklúbba Hafnarfjarðar. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: ellerte@gmail.com



Jóhanna Thorsteinsson, umdæmisstjóri 109 A. Jóhanna er félagi í Lionsklúbbum Eir. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: johanna@virgin.is



Bragi Ragnarsson, umdæmisstjóri 109 B. Bragi er félagi í Lionsklúbba Mosfellsbæjar. Ef þú þarft að hafa samband við hann þá er netfang hans: br@brimhf.is



FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2019-2020

Fjölumðæmisstjóri:

Ellert Eggertsson,
Lkl. Hafnarfjarðar

Umdæmisstjóri 109A: Jóhanna

Thorsteinsson, Lkl. Eir

Umdæmisstjóri 109B: Bragi Ragnarsson,
Lkl. Mosfellsbæjar

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi

Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Arnason,
Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Vara fjölumðæmisstjóri: Björn

Guðmundsson, Lkl. Hængur

Protokol- og þingsstjóri: Kristinn

Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar

Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar

Fríðriksson, Lkl. Hængur

Kynningarstjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

Umhverfisstjóri: Halldór Runólfsson,

Lkl. Fjörgyn

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell

Cýrusson, Lkl. Búðardals

Netstjóri: Sigurður Steingrímsson,

Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjóri (menntun og

leiðtogaþjálfun): Halldór

Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun):

Jón Gröndal, Lkl. Njörður

GMT/konur í Lions: Hrund

Hjaltadóttir, Lkl. Fold

GST stjóri: (verkefni) Pálmi Hannesson,

Lkl. Garði

NSR-AU nefndarmaður:

Jón Pálmason, Lkl. Viðarr

Lestrarátaksstjóri: Dagný S. Finnsdóttir,

Lkl. Úa

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni

Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnar-

maður, Lkl. Mosfellsbæjar

Hjálparsjóðsstjóri: Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís

Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa

Laganefnd (form.): Gissur Júní

Kristjánsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Kristinn Hannesson,

Lkl. Mosfellsbæjar

Lions Quest stjóri: Hrund Hjaltadóttir,

Lkl. Fold

MedicAlert stjóri: Laufey Jóhannsdóttir,

Lkl. Eik

Menningarstjóri: Jóhanna

Valdemarsdóttir, Lkl. Kaldá

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg

Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Kristín

Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla

Varaumðæmisstjóri 109A: Jónas Yngvi

Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Varaumðæmisstjóri 109B: Guðjón Andri

Gylfason, Lkl. Hængur

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Þóra

Bjarney Guðmundsdóttir,

Lkl. Eir

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B: Anna

Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

Frankvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2019 – 2020:

International President: Dr. Jung-Yul

Choi, Suður Kórea

Immediate Past President: Guðrún

Björt Yngadóttir, Ísland

First Vice President: Judge Haynes H.

Townsend, United States

Second Vice President: Brian E.

Sheehan, USA

Third Vice President: Dr. Patti Hill,

Canada

First Year Directors:

Michael D. Banks, United States

Robert Block, United States

Kyu-Dong Choi, Korea

Larry L. Edwards, United States

Justin K. Faber, United States

Allan J. Hunt, Canada

Daniel Isenrich, Germany

Bent Jespersen, Denmark

Masayuki Kawashima, Japan

Dr. Jose A. Marrero, Puerto Rico

Nicole Miquel-Belaud, France

VP Nandakumar, India

Judge Christopher Shea Nickell,

United States

Sampath Ranganathan, India

Marciano Silvestre, Brazil

Masafumi Watanabe, Japan

Guo-jun Zhang, China.

Second Year Directors:

Muhammad Adrees, Pakistan

Qazi Akram Uddin Ahmed, Bangladesh

Shoichi Anzawa, Japan

Billy J. (B.J.) Blankenship, United States

Gary F. Brown, United States

Rodolfo Espinal, Dominican Republic

Liao-Chuan Huang, MD 300 Taiwan

Jongseok Kim, Korea

Dr. Nawal Jugalkishor Malu, India

Geoffrey Leeder, England

Mark S. Lyon, United States

Heimo Potinkara, Finland

JP Singh, India

Steve Thornton, United States

Juswan Tjoe, Indonesia

A. Geoffrey Wade, United States

Dr. Walter Zemrosser, Austria

Upplag: 1000 eintök

Pökkun og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.

Forsíðumynd: Guðrún Björt heiðruð af

Lions – Ljósmynd: Sigfríð Andradóttir

Lionsfélagar geta fyllt upp í götin

Pistill Alþjóðaforseta



Heilir og sælir lionsfélagar
Sama hvar við búum, þá koma árstíðirnar með sín sérstöku tilefni. Hjá mörgum okkar innihalda þessi tilefni mat. Hvort sem það er ilmurrinn af súpunni hennar

ömmu eða pylsumnar á grillinu hjá nágrannanum, þá veur þetta góðar minningar.

En það er ekki tilfellið hjá þeim sem búa við hungur. Hjá mörgum þeirra veur þessi tími upp hræðslu og kvíða. Er nú enn einn kaldur vetur framundan með lítið að borða eða er enn heitt sumar framundan, án skólamatar fyrir svöng börn.

Sem lionsfélagar þá er það á okkar könnu að hjálpa þeim sem þess þurfa. Enginn í byggðarlagi okkar ætti að hafa áhyggjur yfir hvaðan næsta máltíð kemur. En þegar við getum, ættum við að leita framhjá skammtímalausnum. Já, við getum bætt við matarbirgðir og mannað súpueldhús. En við ættum líka að líta á stærri myndina. Hvað orsakar hungur hjá nágrönnum og hvernig getum við sem lionsfélagar breytt myndinni til hins betra hjá þeim fjölskyldum sem eiga í erfiðleikum.

Allir eiga að hafa tækifæri til að velja það sem er gott og heilsusamlegt. Allir eiga að hafa aðgang að ferskum ávöxtum og grænmeti. Allir eiga að getað gengið um í almenningsgördum og eiga örugga leið til að sækja vinnu.

Svo, ef að það er gat í kerfinu t.d. engin

matvörubúð í nágrenninu, engar öruggar samgöngur og engir almenningsgarðar, þá eiga lionsfélagar að geta gert við þessar holur í nágrenninu. Við getum búið til félagslegt öryggisnet til að nágrannarnir búi við heilsusamlegt og gott líf.

Þegar þú skipuleggur matinn yfir hátíðirnar eða kveikir upp í grillinu á sumrin, hugsaðu þá um leiðir til að allir í byggðarlaginu gætu notið þess sama. Og fyndu leið til að gera það.

Ykkar einlægur
Dr. Jung-Yul Choi
Alþjóðaforseti Lionsshreyfingarinnar
Þýðing: Geir Hauksson



Ritstjórnargrein



Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er annað tölublað starfsársins komið út sem er prentað blað sem og netblað. Breytingar verða á dreifingu á blaðinu eins öllum félögum á að vera kunnugt. Blaðið verður **ekki** sent til klúbba sem dreifa því til félaga. Nú verður blaðið aðeins sent til þeirra sem vilja fá það gegn greiðslu. Sá möguleiki er fyrir hendi að ef klúbbar vilja fá blaðið fyrir alla félaga eins og áður þá geta þeir farið fram á það við skrifstofu að senda það þannig til þeirra. Það verður þá gert á þeirra kostnað. Ástæðan fyrir þessu er eins og ykkur er kunnugt mikill kostnaður við sendingar og taprekstur er á blaðinu. Blaðið verður sent til allra í tölvupósti, eins er hægt að lesa það á heimasíðu

Lions á Íslandi, lions.is, eða í smáforriti (appi) sem einhverjir hafa þegar tekið niður í snjalltæki sín. Að þessu sinni verður prentupplagið 1000 blöð.

Flestir ef ekki allir klúbbar hafa nú hafið starfið í vetur sem verður vonandi farsælt eins og endra nær. Ég hvet klúbba að nefna einn blaðafulltrúa í klúbbum sem sér um að taka myndir úr klúbbastarfinu og senda myndir ásamt grein í blaðið því blaðið stendur og fellur með ykkur ágætu lionsmenn.

Umfjöllunarefnið í þessu blaði eru að ýmsum toga eins og svo oft áður en ég sakna þess að fá ekki fleiri greinar í blaðið. Auk skyldugreina eru umfjöllunarefnið ýmisleg eins og svo oft áður og hvet ég ykkur til að lesa blaðið vel og kynna ykkur það sem er í gangi hér á landi sem og erlendis í lionsstarfinu.

Að lokum þakka ég öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs og óska öllum góðs gengis í störfum sínum í vetur.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Porkell Cýrusson ritstjóri

Skilafrestur á efni í næsta blað er 21. nóvember

Lions um allan heim

Jóhanna Thorsteinsson

Umdæmisstjóri 109 A



Lionsfélagar um allan heim hittast á fundum Lí heimalöndum sínum og fræðast um verkefni sem eru í gangi hverju sinni. Við í Lionshreyfingunni á Íslandi tókum þátt í NSR (Norræna lionssamstarfinu), Evrópusamstarfinu og höfum átt og eigum aðild að alþjóðastjórn Lions International. Við erum líka aðilar að Norrænum verkefnum sem Norðurlöndin standa að.

Á NRS fundinum í Osló í janúar sl. var Evrópuþingið í Tallinn 3.-6. október kynnt og svo aftur á alþjóðþinginu í Mílanó. Við Bragi umdæmisstjóri í B umdæminu ræddum um að það væri gaman að taka þar þátt. Að vísu yrði þátttaka okkar ekki greidd af Lionshreyfingunni, við myndum borga fyrir okkur sjálf. Með því að bóka þátttöku snemma fékkst ódýrt flug og skráningargjaldið var viðráðanlegt.

Á Evrópuþinginu fjölmargt í boði, enda var yfirskrift þingsins "Market of Ideas".

Alþjóðaforseti hélt fund með umdæmisstjórum í Evrópu og brýndi okkur til dáða, ekki bara með því að fjölga félögum og fjölbreyttum klúbbum heldur líka og sérstaklega að efla framlög okkar landa til LCIF. Vár fundurinn mjög skemmtilegur og ræddi hann sérstaklega um Ísland og okkar frábæru Guðrúnu Björt sem gegnir einmitt starfi formanns LCIF (alþjóðahjálparstöðsins).

Á kynningu sem var haldin um ýmis verkefni í Afríku kynntist ég verkefnum sem kölluð eru WaSH (Water, Sanitation and



Nokkrar konur sem tóku þátt í verkefninu



Dagatalið

Hygiene). Þau fjölluðu öll um hreint vatn í Afríku og hreinlætisaðgerðir. Eitt þessara verkefna er að útbúa tvíhólfa kamra þar sem annað hólfið er safnhólf en hitt hólfið til að framleiða seyru til áburðar á akra og tún.

En sennilega var það verkefni tíu kvenna frá tíu löndum Evrópu, Afríku og Asíu sem vakti mest athygli mína. Þessar konur tóku áskorun Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur þegar hún hvatti okkur til að "go beyond the horizon", eða ganga lengra í að fjölga verkefnum og auka við fjáröflun til allra þeirra frábæru verkefna sem Lionshreyfingin um allan heim stendur að. Þessar konur ákváðu að reyna þölmörk sín til hins ýtrasta. Stofnuðu til áheita og klifu hæsta fjall Afríku, Kilimanjaro í Kenýa.

Fyrir áheitin tókst þeim að safna nægu fé til að byggja nýjan skóla fyrir fátæk börn í Kenýa. Með þeim í för var þekktur ljósmyndari sem myndaði allan leiðangurinn. Í lok



Inna Flaga hafði framsögu í kynningu á verkefninu og dagatalinu

ferðarinnar gáfu þær út sérlega skemmtileg dagatal fyrir komandi ár. Allur ágóðinn af dagatalinu rennur í rekstur þeirra á skólanum.

Þó svo kostnaður undirritaðrar við þátttöku í Evrópuþinginu hefði verið tæpar 200.000,-, þá verður að segja eins og er að heldur vil ég verja aurunum mínum í svona skemmtilega fræðsluferð en viku eða tíu daga dvöl á sólarströnd.



Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga

Umdæmisstjóri 109B

Bragi Ragnarsson

Umdæmisstjóri 109 B



Kæru félagar,
Velkomnir til starfa á nýju lions ári,við vonum að þær áherslubreytingar sem við viljum gera á starfinu í vetur verði til þess að gera starfið auðveldar og um leið skemmtilegra.

Umdæmisstjórum er gert að setja sér markmið og vinna vel saman með fjöllumdæmisstjóra, það höfum við Jóhanna gert, hvort að það skili sér verður tíminn að leiða í ljós.

Chicago:

Áður en við tókum við sem umdæmisstjórar, vorum við í grunnnámi hér heima með frábærum kennurum Halldóri Kristjánssyni, Jóni Páma, Kristni Hannesar og Guðjóni Andra, síðan fórum við til Chicago, þangað fórum við Jóhanna í febrúar og vorum þar ásamt 700 verðandi umdæmisstjórum frá öllum heiminum. Þetta var ótrúlegur tími, að halda skólann þarna er tilraunaverkefni sem á að standa í 5 ár og þetta var fyrsta árið. Síðan lukum við skólagöngunni í Mílanó í júlí þar sem við tókum formlega við þessu starfi umdæmisstjóra.

NSR:

Í janúar í vetur buðu Björg Bára, Geirþrúður og Sigfríð okkur til Noregs á NSR þing það er í fyrsta skipti sem það er gert við 1. vara-umdæmisstjóra, bestu þakkir fyrir ykkar framlag til betri undirbúnings fyrir verðandi umdæmisstjóra.

Félagamál, fræðslumál og málefni LCIF munu verða þau mál sem sett verða í forgang á komandi ári.

Fræðslumálin:

Fræðslumálin verða mjög áberandi í vetur, enda teljum við að þar sé hægt að gera mikið betur og munu Halldór Kristjáns og Guðjón Andri koma með alveg nýja aðferð til að fræða og kenna öllum sem vilja á alla þá miklu möguleika sem Lions vefurinn hefur að bjóða. Félagarnir læra hvernig best er að nálgast allan þann fróðleik sem er þar, þeir verða með margskonar námskeið, kenna nemendum í fjarkennslu heim í stofu.

Ég hvet ykkur til að nota þetta einstaka tækifæri sem er alveg nýtt, og kemur úr smiðju þessara frábæru kennara, annað sem ég bið ykkur kærur félagar, verið dugleg við að skila skýrslum, og munið að skrá öll verkefni sem þið vinnið.

Klúbbarnir

Við erum enn að berjast við að halda sama félagafjölda, þannig hefur það verið mörg síðustu ár. Það var von okkar allra á síðasta ári að við gætum laðað að nýja féлага og haldið vel um þá sem voru í klúbbunum og stofnað nýja klúbba. Það gekk vel hjá sumum klúbbum sem bættu við sig nýjum félögum og Lkl. Vitaðsgjafi náði að stofna kvennadeild sem var glæsilegur árangur. Það fjölgaði vel hjá Hængsmönnum á árinu, en þegar síðasta ár var gert upp vorum við á pari í félagafjölda í báðum umdæmum, þrátt fyrir þrotlausa vinnu hjá stýrunum Björg Báru, Geirþrúði og Sigfríð allt árið, jafnframt naut lions mikillar athygli vegna einstaks árangurs Guðrúnar sem varð fyrst kvenna í 100 ára sögu Lions til að gegna starfi heimsforseta. Hún tók við því embætti í júlí á síðasta ári í Las Vegas, þar sem yfir 100 félagar frá Íslandi fögnuðu með henni .

Þessi tími hennar sem öflugasta kona heims fyrir Lion er svo ótrúlegur, það er ekki hægt að gera sér grein fyrir öllum þeim tíma og fjármunum sem forsetahjónin hafa lagt út á þessum mörgu árum, og enn eru þau á fullu, nú fyrir LCIF hjálparsjóðinn ferðast um heiminn og safna fjármunum sem munu breyta lífi fólks til hins betra um allan heim

Vara umdæmisstjóranir:

Guðjón Andri Gylfason – og Anna Blöndal eru mjög öfugir félagar sem frábært er að vinna með, ég tel mig afar heppinn að fá þau við hlið mér í vetur, við munum kappkosta að veita allar þær upplýsingar sem óskað er eftir eins fjótt og hægt er.

Klúbbaheimsóknir:

Er stór þáttur í okkar starfi sem umdæmisstjórar eru heimsóknir í klúbba og fá um leið að kynnast því sem þið eruð að gera í ykkar nærsamfélagi

LCIF

Annað árið í röð hefur umdæmisstjóri í 109 B fengið viðurkenningu frá alþjóðarforseta því allir klúbbar í 109 B tóku 100% þátt í LCIF verkefninu.

Það var í tíð Björn Guðmundsonar sem hann lagði af stað með pokann góða og safnaði í hann peningum þegar hann heimsótti klúbba sama gerðum við Sigfríð það árið.

Sigfríð umdæmisstjóri á síðasta ár hélt áfram þessum góða verki og við Andri gerðum slíkt hið sama.

Uppskeran varð enn betri eins og oft verður þegar verkefni fara vel í gang. Fleiri klúbbar lögðu meiri peninga í hjálparsjóðinn og sumir mjög mikla eins og Hængur og fl.

Núna í ár ætlum við að gera enn betur því nú er Guðrún Björt okkar er yfirmaður LCIF og ég hvet alla klúbba til að hafa þetta í huga þegar þeir ákveða hvað styrkurinn sem þeir láta í þennan góða hjálparsjóð verður hár í ár og næsta ár.

Ög ein ábending gerumst styrktaraðilar með föstum greiðslum á hverjum mánuði, þarf ekki að vera há upphæð því þetta er sjóðurinn okkar.

Vinum öll saman sem einn maður Þá verður uppskera ríkuleg.

Með lionskveðu
Bragi Ragnarsson
Umdæmisstjóri 109 B
2019-2020
GSM: 8434226
Netfang: br@brimhf.is

Björgum börnum frá mislingum

KidSight breiðist út og breytir lífi barna í Kólumbíu

Eftir Jamie Konigsfeld

Esteban hafði aldrei áður farið í sjónmælingu. Hann hafði aldrei áður séð svona tækjabúnað og varð hálf smeykur, en lionsfélagarnir sem komu með búnaðinn vöktu hjá honum öryggiskennd.

Hann fékk skólafélaga sína til að standa í röð til að komast að í sjónmælinguna og fylgdi svo einföldum leiðbeiningum. Veröld Esteban var um það bil að breytast.

Mörg börn eru ekki meðvituð um að þau séu með sjónskerðingu. Með þessa sjónskerðingu eiga þau oftast ekki í vanda með að þróa með sér eðlilegt líf og ekki síður að ná einhverjum námsárangri. Þar að auki getur það í mörgum tilfellum leitt til algers sjónleysis ef ekkert er að gert.

Þetta er algengt á mörgum svæðum í Kólumbíu, þar sem augn- og sjónskoðanir eru ekki í boði. Eitt af verkefnum Lions er að breyta þessum veruleika með Lions KidSight Kólumbíu, verkefni sem hefur náð góðum árangri í Bandaríkjunum - kallað Lions KidSight USA - og er stutt af Alþjóðahjálparsjóðnum (Lions Clubs International Foundation, LCIF).

Verkefnið gengur út á að skoða augu barna á aldrinum sex mánaða til sex ára. Oft er þó farið alveg upp í 12 ára aldur þegar aðstæður leyfa. Lögð er áhersla á sértaka áhættuþætti og ef vandamál koma í ljós er þeim vísað til læknis til frekari skoðunar og meðferðar ef þörf er á.

Eftir þennan góða árangur í Bandaríkjunum hefur Lions ákveðið að setja verkefnið í gang í Kólumbíu með það að markmiði að skoða augu allt að sex milljón barna.

Lions leggur til 69.000 dollara styrk frá LCIF til tækjakaupa. (Samskonar tæki og keypt voru fyrir síðustu Rauðu Fjaðrar söfnun á Íslandi. Innskot þýðanda). Fyrirverandi alþjóðastjórnarmaður og augnlæknir á eftirlaunum Dr. Ed Cordes er formaður Lions KidsSight USA verkefnisins. Hann ferðaðist til Kólumbíu til að þjálfa lionsfélaga til að sinna augnskoðunum þar og aðstoðaði svo við skoðun í fyrsta grunnskólanum. Af 118 börnum sem þar voru skoðuð voru 20 send áfram til frekari skoðunar og Esteban var einn þeirra.

Læknar komust að því að Esteban var svo rangeygður að það leiddi til þess að hann sá allt tvöfalt. Ef þetta er ekki lagað getur það leitt til varanlegrar blindu. Nú þegar Esteban hefur fengið rétta meðhöndlun er ekki lengur hætt á að hann missi sjónina.

„Það var mikil og góð reynsla að fá fagmenn með mismunandi bakgrunn í skólanum okkar,“ segir Inmaculada Solano de Hernández, skólastjóri Normal Superior La Hacienda. „Fyrir milligöngu Lions eru þeir að sinna því sem þeir gera fyrir okkur af mikilli alúð. Fyrir hönd samfélagsins þakka ég innilega fyrir þeirra starf og aðkomu Lions. Án þessa framtaks væru mörg börn í vanda og flest þeirra myndu missa sjónina.“

Nýlega var komið upp netsamskiptum þannig að lionsfélagar geta farið með tækjabúnað til að skoða augu í börnum og læknar annarstaðar geta um leið gefið sitt álit - gríðarleg áskorun sem dr. Cordes er viss um að muni takast vel.

„Fjöldi lionsfélaga voru mjög áhugasamir um verkefnið, reyndar svo áhugasamir að það smitaði út frá sér og til urðu margir sterkir stuðningsmenn,“ segir dr. Cordes.

Innan nokkurra vikna fengu meira en 16.000 börn skoðun fyrir tilstilli í KidSight í Kólumbíu. Meira en 1.600 var vísað til frekari meðferðar.



Án þessa frumkvæðis Lions hefðu þessi börn aldrei komist undir læknishendur. Með stuðningi frá LCIF hafa Lions Kólumbíu rekið afgerandi afstöðu gegn sjónskerðingu og áhrif þeirra munu aðeins aukast.

Til að fræðast betur um hvernig slík verkefni fá LCIF fjármögnun - og hvernig þú getur lagt þitt af mörkum í gegnum Campaign 100 - er gott að skoða lionsclubs.org/campaign100.

Þýðing: Kristinn Hannesson



Minning + Gunnlaugur Úlfar Gunnlaugsson



Það er þyngra en tárum taki að skrifa minningargrein um hann Úlla eins og við vinirnir kölluðum hann. Hann var mikill lionsmaður og ekki síður vinur. Úlli gekk í Lionsklúbb Grindavíkur 1. febrúar 2005 og lét strax mikið að sér kveða í okkar klúbbi. Hann var gríðarlega afkastamikill félagi og tók að sér hvert verkefnið á fætur öðru og skilaði því með miklum sóma. Það er ekki of djúpt í árinna tekið að segja að hann hafi verið einn af afkastamestu

félögum okkar. Hann var gerður að Melvín Jones félagi 10. maí 2013 en það er ein af æðstu viðurkenningum sem lionsmaður getur fengið hér á landi og hafði hann svo sannarlega unnið fyrir henni. Úlli hefði átt greiða leið í Umdæmisstjórn Lionshreyfingarinnar en hann vildi einfaldlega frekar leggja sig fram um að gera klúbbinn okkar betri.

Úlli tók við formennsku Lionsklúbbs Grindavíkur 1. Júlí 2019 og var það í annað sinn sem hann varð formaður. Hann var búinn að undirbúa starfsárið sem framundan var með sinni stjórn þegar hann féll frá langt um aldur fram. Í hugum okkar lionsmanna er mikill missir af Úlla hann var ekki bara duglegur hann var líka svo góður félagi. Hann var með sínar skoðanir á hreinu og hvatti okkur sem vorum að vinna nefndarstörf á vegum klúbbsins að huga vel að því sem við vorum að vinna við þ.e.a.s að láta gott af okkur leiða og fylgjast vel með okkar samfélagi. Svona var hann Úlli.

Við lionsmenn kveðjum hann með miklum söknuði og vottum Stínu og öllum aðstandendum hans innilegrar samúðar.

Blessuð sé minning góðs lionsfélaga.

Fh. Lionsklúbbs Grindavíkur
Gunnar Vilbergsson

Minning + Grímur Leifsson



Minningarorð f.h. Lionskl. Víðarr Látinn: 23. september 2019
Jarðsunningn: 4. október 2019

Góður vinur og félagi, Grímur Leifsson, er látinn. Það vekur ætíð sorg í hjarta þegar fréttir berast af andláti náins vinar. Ein slík frétt barst okkur félögum í Lionsklúbbum Víðarri að morgni þess 23. september s.l. Grímur hafði látist þá um nóttina eftir nokkurra daga erfiða sjúkráhlúsvist en undanfarin misseri hafði hafði

hann átt við veikindi að stríða. Hann átti þó góð tímabil og góða daga á milli og þrátt fyrir minnkandi þrótt sótti hann lionsfundi og aðra viðburði á vegum klúbbsins okkar af mikilli samviskusemi svo lengi sem heilsan og kraftar leyfðu.

Grímur var mikill og sannur lionsmaður, einn af okkar allra bestu félögum. Hann var hvatamaður að stofnun Lionsklúbbs Húsavíkur árið 1965 og var gjaldkeri í fyrstu stjórn hans. Síðar gegndi hann formennsku í klúbbum auk fjölda annarra trúnaðarstarfa.

Grímur og kona hans, Anna Jeppesen, fluttu til Húsavíkur 1960 og rak Grímur þar rafverktakafyrirtæki sem hann stofnaði ásamt félagi sínum Árna Vilhjálmssyni og þjónuðu þeir Húsavíkingum og nærsveitamönnum vel og dyggilega um áratuga skeið. Þau Grímur og Anna voru félagslynd og því brátt vinamörg þó þau ættu ekki rætur að rekja í héraðið. Auk starfa Gríms í Lionshreyfingunni þá voru þau hjón árum saman burðarásar í öflugri starfsemi Leikfélags Húsavíkur. Grímur var ekki mikið á leiksvidinu sjálfu en þeim mun duglegri baksviðs, við lýsingu og leikmuni. Árið 1983 fluttu þau til

Englands og bjuggu þar um tíma meðan Anna stundaði framhaldsnám og er þau fluttu aftur heim til Íslands árið 1985 settust þau að í Reykjavík. Grímur gerðist þá þegar félagi í Lionsklúbbum Víðarri og gegndi þar margvíslegum trúnaðarstörfum. Grímur hefur því verið virkur félagi í Lionshreyfingunni nær óslitið í meira en hálfa öld og erum við félagar hans og hreyfingin öll þakklát fyrir hans öflugna starf á þeim vettvangi.

Um skeið bjuggu Grímur og Anna á Spáni og þar nutu Víðarrfélagar og makar þeirra, er leið áttu um það hérað, ávallt mikillar gestrisni enda slitnaði aldrei taugin milli þeirra hjóna og klúbbsins okkar og þegar þau fluttu heim til Íslands á ný tók Grímur strax þátt í störfum klúbbsins af endurnýjuðum krafti. Anna var Grími mikil stoð og stytta í leik og starfi og okkur lionsfélögum einnig kær því hún sótti vel samkomur og ferðir klúbbsins með Grími sínum. Það var því mikið áfall þegar hún lést langt um aldur fram í desember árið 2015. Hafði hún þá aðeins nokkrum dögum áður tekið þátt í hefðbundnum jólafundi klúbbsins. Síðustu misserin átti Grímur góða vinkonu, Áslaugu Diðriksdóttur, sem reyndist honum vel og hjálpaði honum af mikilli fórnifysi í veikindum hans. Hún sótti einnig með honum samkomur á vegum klúbbsins.

Það er því með miklum trega og söknuði sem við félagar í Lionsklúbbum Víðarri kveðjum góðan og traustan lionsmann en munum geyma með okkur minninguna um góðan dreng, traust samstarf og ánægjulegar samverustundir. Við sendum öllum aðstandendum innilegrar samúðarkveðjur.

F.h. Lionsklúbbsins Víðars, Guðmundur Bjarnason.

Hungurvaka Ijónanna

Nýlega barst mér í hendur bókinn *Lionsklúbburinn Ægir, 50 ára starfssaga í máli og myndum*. Höfundur er Þórhallur Arason fv. formaður klúbbsins og umdæmisstjóri. Bókin er falleg og vönduð að allri gerð, 336 bls., vel skrifuð og ríkulega myndskreytt. Hún kom út árið 2008.

Ég var einn af stofnendum Lionsklúbbsins Týs, en hlaut að hætta, þegar annir dómkirkjuprestsins urðu æ meiri og ég var farinn að verja miklu meira af tómsundum mínum með Týsbræðrum en fjölskyldu minni. Ég saknaði reyndar félagsandans og hef þess vegna fylgst nokkuð með úr fjarlægð.

Það hefur verið einstaklega ánægjulegt að lesa þessa bók Þórhalls og hrífandi að kynnast þessari glæsilegu afrekaskrá þeirra Ægismanna, sem þarna er sett upp með áhrifaríkum hætti. Hæst ber auðvitað starfið á Sólheimum, sem hlýtur að vera stórvirki á heimsmæliskvarða, þegar litið er á fjölda félaganna sem hafa unnið þetta verk, fjárframlaganna og ekki síst vinnustundanna sem þeir hafa lagt fram. Ég veit, að það síðast nefnda hefur verið klúbbstarfinu ómetanlegt, því sjaldan ná menn betri árangri en þegar þeir fara að „svitna saman.“

En bókin kveikti líka svolítið í mér. Verk klúbbsins eru bæði örvandi og vekjandi, kveikja nýjar hugmyndir sem geta orðið til góðs. Það er svo margt í kringum okkur sem kallar á starfsfúsar hendur og fórnarhug. Mér kom í hug eftir lesturinn ljóð Einars Benediktssonar:


*„Skammvoinna ævi, þú verst í vök.
Þitt verðmæti gegnum lífið er fórnin.“*

Meðal okkar elstu biskupasagna er rit sem heitir Hungurvaka, af því að höfundurinn vildi, að lestur bókarinnar vekti hjá mönnum hungur eftir meiri fróðleik. Ég veit, að nýjrir félagar Ægis fá afmælisritið að gjöf, en eftir kynni mín af því finnst mér að allir Lionsfélagar, í hvaða klúbba sem þeir eru, ættu að lesa það. Ég er illa svikinn, ef bókin vekur ekki hjá þeim hungur eftir að verða að sem mestu liði, hungur eftir að „svitna saman,“ sterka þrá eftir segja sem víðast þar sem þörfin kallar: „Við leggjum lið.“

*Þórir Stephensen
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í
Viðey.*

Höfundurinn

Þórhallur Arason. Þórhallur er fæddur á Patreksfirði 28. júlí árið 1923 og er því 96 ára. Hann gekk í Lionsklúbbinn Ægi árið 1973 og mættir á allflestu fundi og tekur oft til máls. Hann hefur skipað fjölda embætta innan hreyfingarinnar, þar á meðal umdæmisstjóri í 109 A. Hann hefur staðið fyrir stofnun nokkurra klúbba. Þórhallur skrifaði 50 ára sögu Lionsklúbbsins Ægis sem er ærin vinna.



Lionsklúbburinn Ægir – fréttir úr starfinu

Lionsklúbburinn Ægir var 50 ára nú á dögum. Í tilefni þess skrifaði Þórhallur Arason starfsögu klúbbsins og kom út í bók sem fjallað er um hér í blaðinu. Starfsemi klúbbsins er hefðbundin nú sem undanfarin ár. Klúbburinn styður mikið við starfið í Sólheimum og eru myndir frá ýmsum viðburðum með þessari grein. Eins gaf klúbburinn veglega gjöf til Grensásdeildar að verðmæti 16 milljónir. Starfið hjá klúbbum er öflugt nú sem áður fyrr og ekki láta þeir ekki deigan síga. Afmælisbókin er til sölu fyrir þá sem hafa áhuga. Hægt er að hafa samband við Ágúst M. Ármann netfang hans er agust@arossourcing.com og eða í síma 8630875



Verið að undirbúa kúttmaga fyrir hið árlega kúttmagakvöld haldið á Hótel Sögu fyrsta föstudag í mars ár hvert.



Frá kúttmagakvöldi





Stórgjafir afhentar á Grensásdeild að verðmæti 16 milljónir



Spilum bingo árlega hjá Sjálfsbjörgu að Hátúni 12, Róvk.



Litlu jólin að Sólheimum – sem klúbburinn hefur gert í fast nær 60 ár



Litlu jólin að Sólheimum



Litlu jólin að Sólheimum



Litlu jólin að Sólheimum



Litlu jólin að Sólheimum



Gáfum Sólheimum nýtt eldhús

Málþing – Konur í Lions

Jóhanna Thorsteinsson

Umdæmisstjóri 109 A



Þann 27. október halda konur í A umdæminu málþing um verkefni og störf Lionskvenna. Málþingið verður á Flúðum og verður boðið upp á rútufurð frá Lionsheimilinu í Hlíðarsmára 14, Kópavogi kl. 8:30 austur. Rútan mun stoppa í Hveragerði við N1, og líka á Selfossi við N1 þar.

Við viljum hvetja allar konur í Lionshreyfingunni að koma og taka þátt!

Meðal framsögumanna verða oddvitarnir Halldóra Hjörleifsdóttir á Flúðum, Eva Björk Harðardóttir á Kirkjubæjarklaustri og Guðrún Hafsteinsdóttir formaður SI og framkvæmdastjóri í Hveragerði. Allir formenn kvennaklubbanna og Lionessklúbbsins í Keflavík munu kynna starf síns klúbbs.

Aðalræðumaður verður Hilde Straumsheim, fulltrúi GAT á Norðurlöndunum. Hún mun einnig verða með fræðslufni fyrir okkur konurnar í Lions á Íslandi. Hilde mun flytja

mál sitt á ensku og verða glæur hennar þýddar og þeim dreift til málþingsgestanna. Einnig verður boðið upp á túlkun fyrir þær konur sem það vilja.

Málþingið er öðrum þræði fræðslu- og kynningarfundur fyrir konur í Lionshreyfingunni og tækifæri að kynnast og læra hver af annarri.

Í lok þingsins kemur Svavar Knútur trúbador og skemmtir.

Málþingið er að sjálfsögðu opið öllum konum í Lionshreyfingunni og þær eru hvattar til að taka með sér gesti.

Jóhanna Thorsteinsson

Kjaransorðunefnd

Kjaransorðunefnd minnir á að beiðni og greinargerð um væntanlegan Kjarans orðubega skal skila til nefndarinnar fyrir 1.nóvember og 1.mars ár hvert eins og segir til um í 15.gr. reglugerðar um Kjaransorðu.

15.gr.reglugerðar um Kjaransorðu

Klúbbum ber að skila inn beiðni ásamt greinargerð um væntanlegan orðubega til orðunefndar eigi síðar en 1.nóvember og 1.mars en þá er umsóknarfrestur ár hvert. Ef ekki koma fimm umsóknir

frá klúbbum, sem er hámark í hvert sinn flyst það sem upp á vantar fram til næsta fundar en þó ekki milli ára.

Kjaransorðunefnd

Björg Bára Halldórsdóttir

Ellert Eggertsson

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Minning + Sigurður Kristjánsson



Sigurður Kristjánsson var fæddur á Ytri-Bug í Fróðárhreppi 5. ágúst 1929. Hann lést á Dvalarheimilinu Jaðri í Ólafsvík 4. júlí 2019. Þann 25. desember 1958 giftist Sigurður Valdís Magnúsdóttur frá Hellissandi, sem er látin. Á Hellissandi bjuggu þau mest allan sinn búskap. Sigurður stundaði nám við stýrimannaskólann á Ísafirði og Reykjavík á árunum 1958-1959. Sjómennskan varð hans ævistarf ávallt sem skipstjóri á sínum eigin bátum. Siggí á Skarðsvíkinni

var farsæll skipstjóri og landskunnur aflamaður. Sigurður var stofnfélagi Lionsklúbb Nesþinga við stofnun hans 29. nóvember 1970.

Starfaði hann í mörgum nefndum og verkefnum fyrir klúbbinn. Var gjaldkeri 1976-1977. Hann var í félaganefnd, verkefna- og fjáröflunarnefnd, líknar- og eldri borgaranefnd.

Þegar klúbburinn tók upp á þeirri nýbreytni að halda kúttmaga-kvöld var Sigurður þar í forystu um árabíl. Öllum þessum störfum gegndi hann af dugnaði og trúmennsku. Árið 2000 var Sigurður gerður að Melvin Jones félagi sem er ein æðsta viðurkenning Lionshreyfingarinnar.

Fallinn er frá góður lionsfélagi og viljum við félagar í Lionsklúbbi Nesþinga þakka Sigurði trausta og góða samfylgd.

Smári J. Lúðvíksson.

Fimm fjölumðæmisstjórnarar hjá Lionsklúbbsi Hafnarfjarðar

Ég hef áður minnst á skógarreit okkar Lionsmanna, Kjaranslund, sem er rétt fyrir utan gluggana hjá okkur, þar sem við erum með klúbbfundi í Haukahúsinu. Í maí árið 2012 gróðursetti þáverandi alþjóðaforseti Dr. Wing-Kun þar tré ásamt Hildi Straumsheim, þáverandi fjölumðæmisstjóra Norðmanna sem ásamt eiginmanni sínum. Hann gróðursetti þar Reynitré, aðrir Lionsmenn sem þar voru gerðu þar einnig. Þessi skógarreit er mjög fallegur í dag og sérlega þegar haustlitirnir skarta sínu fegursta.

Í LkH. eru 36. klúbbfélagar, þar af eru fimm félagar sem gengt hafa starfi fjölumðæmisstjóra. Halldór Svavarsson var fjölumðæmisstjóri starfsárið 1988-1989. Geir Hauksson árin 2005-2006 og Björgúlfur Þorsteinsson árin 2007-2008. Jón Gunnar Stefánsson var fjölumðæmisstjóri árin 1978-1979, var hann þá í umdæmi 109B og félagi í Lionsklúbbsi Öndarfjarðar, gekk til liðs við LkH. árið 2014. Ellert Eggertsson er núverandi fjölumðæmisstjóri, en það mun koma í hans hlut að setja næsta þing Lions, sem verður haldið í Hafnarfirði í apríl næstkomandi. Klúbbarnir þrír í Hafnarfirði munu sjá um þinghald og allt sem að þinghaldinu snýr og eru þeir þegar farnir að undirbúa þinghald sem verður í Flensborgarskóla.



Úlfur Atlason í ræðustól. Úlfur er yngsti ritari lionsklúbbs á Íslandi

Blóðsykursmælingar eru á dagskrá hjá okkur laugardaginn 30. nóvember í tengslum við Alþjóða sykursýkisdag Lions í nóv. og verða þær að venju í Firðinum, þar sem klúbbarnir þrír í Hafnarfirði vinna saman að verkefninu. Á síðasta ári komu liðlega þrjú hundruð manns í mælingu og reyndust nokkrir þurfa á nánari rannsókn að halda.

Klúbbstarfið er komið á fullt skrið og voru fyrstu fundir notaðir



Fjölumðæmisstjórnarnir fimm. Geir, Halldór, Ellert, Björgúlfur og Jón Gunnar

til að ræða og ákveða starfið framundan sem verður að venju kraftmikið og skemmtilegt. Ritarnir okkar ungi Úlfur Atlason var með skemmtilegt Örnámskeið, en markmið þess námskeiðs var að tryggja að félagar geti skoðað sig um á lionsvefnum og geta náð sér í og notað MyLions appið, afskaplega vel sett saman myndrænt námskeið hjá ritara sem vel mætti ná til fleiri lionsfélaga. Sala á barmmerki okkar Gaflarinn verður í apríl nk. og verður það með mynd af Axel Kristjánssyni fyrrum forstjóra í Raffa, hann var einn af stofnfélögum í LkH. Byrjað er að undirbúa styrkveitingar en ákveðið er að færa Hrafnistu í Hafnarfirði sér útbúið göngubretti í vetrarbyrjun. Sem sagt allt á fullu hjá Lionsklúbbsi Hafnarfjarðar. Bestu Lions kveðjur.

Friðgeir H. Guðmundsson
Bláðafulltrúi



Lionsklúbburinn Eik, Garðabæ

Starfið er nokkuð hefðbundið, það sem liðið er af árinu 2019. Gestur okkar á fundi í febrúar var Bergsteinn Jónsson, framkvæmdastjóri Unicef á Íslandi. Hann sagði okkur sögu og þróun Unicef, en samtökin eru með starfsemi í 190 löndum, fróðlegt og skemmtilegt erindi.

Eikarkonur tóku þátt í Góugleðinni, eins og undanfarin ár. Að sjálfsögðu tókum við þátt í Rauðu fjöðrinni. Við höfum haldið tryggð við Vímuvarnarhlaup Lions, sem við skipuleggjum í flestum grunnskólum bæjarins. Okkur finnst það mjög gefandi starf. Skógræktarstaðurinn okkar í Smalaholti, er vinsæll staður og þar eigum við skemmtilega samveru. Nú þarf ekki lengur að gróðursetja, við grisjum og tinum rusl. Þar er alltaf kátt á hjalla.

Á aprílfundinum fengum við góðan gest, Lindu Björk Jóhannsdóttur, umhverfisfræðing, en hún er verkefnastjóri hjá garðyrkjudeild Garðabæjar. Mjög umfangsmikið starf og greinilega í mörg horn að líta.

Á þessum fundi var fjórum félögum veittar Melvin Jones viðurkenningar, þeim Magneu Valdimarsdóttur, Rut Alfreðsdóttur, Önnu Torfadóttur og Steinunni Jóhannsdóttur.

Þann 21. maí s.l. var síðasti fundur starfsársins, sem jafnframt var vorferð Farið var til Akraness og ýmsir staðir þar skoðaðir. Síðan var ekið til sumarhúss Laufeyjar Jóhannsdóttur, Þar var grillað og hefðbundin stjórnarskipti fóru fram. Hápunktur kvöldsins var inntaka nýs félaga, Kristínar Pálsdóttur og var hún boðin innilega velkomin.

Sigurveig Sveinsdóttir



Eikarfélagar í vorferð



Bergsteinn Jónsson og Ingibjörg Steingrimsdóttir, formaður



Haldóra Ingibergsdóttir, varaformaður og Linda Björk Jóhannsdóttir



Eikarkonur bjóða upp á súpu í Vídalínskirkju



Melvin Jones félagar: Magnea Valdimarsdóttir, Rut Alfreðsdóttir, Anna Torfadóttir, Steinunn Jóhannsdóttir ásamt formanni og varaformanni



Eikarfulltrúar á Lionsþingi



Alþjóðastjórnarfundur í Reykjavík Eikarfélaginn Guðrún Björt Yngvadóttir Alþjóðaforseti Lions



Ása Hildur Baldvinsdóttir og nýr félagi Kristín Pálsdóttir

Bekkurinn



Bekkurinn góði hjúpaður



Ellert Eggertsson fjölumdamisstjóri opnar hátíðina



Lionsfélagar fylgjast með opnuninni



Jóna Sæmundsdóttir bæjar- og umhverfisfulltrúi Gardabæjar þakkar Guðrúnu Björt og Eikarkonum fyrir allt það sem þær hafa gert fyrir bæjarfélagið



Bekkurinn afhjúpaður



Merkingin á bekknum



Guðrún, Jón Bjarni og Eikarkonur



Barnabörn Guðrínar og Jóns Bjarna



Guðrún þakkar fyrir sig



Höfmynd af gestum



Gestir spjalla



Gestir spjalla



Gestir spjalla



Gestir spjalla



Geirþrúður Fanney Bogaadóttir fráfarandi umdamisstjóri 109A spilaði undir fjöldsöng



Gestir spjalla

Viðburðardagatal Lions

Viðburðardagatal Lions sýnir helstu viðburði í vetur.
Dagatalið er í stöðugri uppfærslu

Mánudagurinn 1.júlí 2019			Nýtt Lions-starfsár hefst formlega
5.	Fös	Dagur 4	Skóli varumdæmisstjóra í Mílanó, Ítalíu
5-9	Fös-Þri		Alþjóðþing nr. 102 í Mílanó, Ítalíu
			Ungmennni koma til heimgistingar
			Ungmennabúðir á Hornafirði
Ágúst 2019			Undirbúningsfundir umdæmisstjóraráðs
			Undirbúningsfundir klúbbstjórna
			Fundur GLT teymis
19-22	Mán- Fim		Heimsókn Alþjóðaforseta
31.	Lau	09:00 - 16:00	1. Fundur umdæmisstjóraráðs og umdæmisstjórna 109A og 109B
September 2019			
8.	Sun		Alþjóðlegur dagur læsis (International Literacy Day)
16.	Mán		Dagur íslenskrar náttúru
Október 2019			Mánuður: Sjónverndar
1.	Þri		Lokadagur til að kaupa friðaveggspjalda keppnisþakka
3	Fim		GAT námskeið Tallinn
3-5	Fim-Sun		Evrópu þing EUROPA FORUM-Tallinn Eistland
11.	Fös		Alþjóðasjónverndardagurinn
15.	Þri		Dagur hvíta stafsins
24.	Fim		Dagur Sameinuðu Þjóðanna
26.	Lau		Kvenna Málþing - Flúðum
Nóvember 2019			Mánuður: Sykursýkisvarna
2	Lau	10:00 - 12:00	Formannafundur í Lionsheimilinu Hlíðasmára 14
3	Sun	13:00 - 15:00	Formannafundur í Ánni, Akureyri
9.	Lau	9:30 - 15:30	2. Fundur umdæmisstjóraráðs og umdæmisstjórna 109A og 109B
14.	Fim		Alþjóðlegur Sykursýkisvarnardagur Lions
15.	Fös		Lokaskil til umdæmisstjóra á friðarveggspjaldasamkeppninni
23.-24	Lau.- Sun		Fundur fjölumdæmisstjóra Norðurlandanna í Kaupmannahöfn

Desember 2019			
1.	Sun		Lokadagur umdæmisstjóra til þess að senda friðarveggspjöld/ritgerðir
15.	Sun		Skil á Youth Camp and Exchange Activity report (YCE-1450)
Janúar 2020		Mánuður: Að metta svanga	
13.-17.			Vika Alþjóðahjálparsjóðsins LCIF
11	Lau		3. Fundur umdæmisstjóraráðs og umdæmisstjórna 109A og 109B
13.	Mán		Fæðingardagur Melvin Jones (1879 - 1961)
17.-19.	Fös-Sun		NSR í Kaupmannahöfn
Febrúar 2020		Mánuður: Krabbamein barna	
11-13	Pri - Fim	Dagar 1-3	Skóli Vara umdæmisstjóra í Oak Brook, Chicago
15.	Lau		Alþjóðlegur dagur v/krabbameinssjúkra barna
15.	Lau		Framboðsfrestur til embætta
15-17			Leiðtogaskóli Lions - Grand hótél, Reykjavík
Mars 2020		Mánuður: Eye donor	
28	Lau	9:30 - 15:30	4. Fundur umdæmisstjóraráðs og umdæmisstjórna 109A og 109B
Apríl 2020		Mánuður: Umhverfismál / fjölskylda og vinir	
22.	Mið		Dagur Jarðar, umhverfisverkefni
24.-25.	Fös-Lau		Lionsþing í Hafnarfirði
24.	Fös		Formannaskóli Lions
24.	Fös		Ritaraskóli Lions
24.	Fös		Svæðisstjóraskóli Lions
24.	Fös		Gjaldkeranámskeið Lions
Maí 2020		Mánuður: Styrkjum félagana	
15.	Fös		Lokadagur að skila inn skýrslum (Officer Reporting PU101)
Júní 2020			
1.	Mán		Dagur Helen Keller
5.	Fös		Alþjóðlegur umhverfisverndardagur
26.	Fös	Dagur 4	Skóli varaumdæmisstjóra í Singapore
26-30			Alþjóðaðing nr. 103 í Singapore
Júlí 2020			
			Nýtt starfsár

Til þjónustu reiðubúin

Lionsfólk kemur saman á 102. alþjóðafþinginu í Mílanó

Það var kominn tími til að hittast, jafnvel skæð hitabylgjan gat ekki bugað lionsandann.

Á þeim fimm dögum sem þingið stóð yfir hittu lionsfélagar gamla vini og nýja, skiptust á hugmyndum og lögðu lið. Þeir hlustuðu á fyrirlestra sem kveiktu hugmyndir og fylgdust með þegar nýr alþjóðaforsæti tók við embætti.

Þýðing: Edda Briem



Lúðrasveit æskufólks leiðir skrúðgöngu með hina fögru dómkirkju Mílanó í baksýn.



Fráfarandi alþjóðaforsæti, Guðrún Yngvadóttir mætir á svæðið með stæl, að hætti Lions.



Þjóðaskrúðgangan sýnir vel ótrúlega fjölbreytni Lions um heim allan.



Á ráðstefnum veit maður aldrei hvenær þátttakendur bresta í dans.



Lions leggur lið – þessir ráðstefnugestir sýna það í verki er þeir gefa sér tíma fyrir tiltekt í almenningsgarði.



Lions leggur lið – þessir ráðstefnugestir sýna það í verki er þeir gefa sér tíma fyrir tiltekt í almenningsgarði.



Á ráðstefnum verður selfie oftar en ekki að hóp-selfie.